

Ársfundur 2008

Skýrsla deildarforseta leiklistardeildar á ársfundi
Listaháskóla Íslands 24. nóvember 2008

- starfsárið 2007 - 2008

1 FYRIRKOMULAG NÁMS OG KENNSLUHÆTTIR -

Leiklist – fræði og framkvæmd býr nemendur undir störf eða framhaldsnám í leiklist með því að auka sérþekkingu þeirra og hvetja til frumsköpunar.

Námsbrautinni er ætlað að renna stöðum undir gagnrýna sýn nemandans á listgreinina, umhverfi sitt og eigin verk. Námið er þriggja ára nám og lýkur með B.A gráðu. Útskrifað var í fyrsta skipti af þessarri braut sl. vor. Lokaverkefnin voru jafn fjölbreytt og þau voru mörg en níu nemendur útskrifuðust af brautinni.

Dansbrautin:

3ja ára B.A nám. Námið miðar að því að skila af sér vel þjálfuðum, skapandi og forvitnum danslistamönnum sem nálgast viðfangsefni sín með rannsakandi huga og eru tilbúnir að takast á við starfsferil í fjölbreyttum og síbreytilegum heimi samtímadansins. . Útskrifað verður í fyrsta skipti af þessarri braut á komandi vori.

Leikaranám: Þar er áhersla lögð á klassíska leiklistarþjálfun sem og nýrri strauma í sviðslistum. Sjálfstæði nemandans í vinnu skapast með sterkri fræðilegri og leiktæknilegri kennslu sem hefur það að markmiði að skerpa sýn hans á eigin framvindu og vinnubrögð. Námið er fjögurra ára nám og lýkur með B.F.A gráðu.

Deildin hefur vakið athygli og áhuga erlendis vegna þess að kjarni hugmyndafræðinnar er að finna hvað er sameiginlegt með þessum fögum sviðslitanna og hvernig er hægt að búa til námskeið sem bjóða nemendum frá mismunandi brautum að deila reynslu og þekkingu sinni. Þess má geta að fræði og framkvæmd er einstök hvað varðar nám í leiklist á norðurlöndunum.

68 námskeið voru haldin í leiklistardeild 2007-2008 á þremur brautum: leikarabraut, fræði og framkvæmd og dansi. Kennsla í deildinni fer fram í hóp-og

einkatímum. Fastráðnir starfsmenn við deildina voru ellefu. Stundakennarar voru 36 þar af 11 erlendir.

Nemendur leiklistardeildar 2007-2008 voru 38. 7 skiptinemar stunduðu nám við deildina, tveir í fræði og framkvæmd og fimm á dansbraut. Vorið 2008 bárust í fræði og framkvæmd 27 umsóknir, 126 í leikarann, 22 í dansinn eða alls 175 umsóknir í leiklistardeild. Í vor voru inntökupróf voru í fyrsta skipti haldin utan Íslands en dansbrautin hélt hluta inntökuprófa sinna í Berlin. Teknir voru inn 10 nemendur á allar brautir deildarinnar eða samtals þrjátíu nemendur. Sú breyting hefur verið gerð á inntöku í deildina að tekið er inn á allar brautir annað hvert ár.

2 SÝNINGAR OG VIÐBURDIR

Útskriftarverkefni í fræði og framkvæmd voru níu talsins og spönnuðu allt frá leiklestrum til innsetninga. Sannaðist að námsbrautin eflir nemendur til frumsköpunar í sviðslistum. Útskriftarverkefni voru flutt í samstarfi við aðrar deildir LHÍ og Þjóðleikhúsið.

Á þriðja tug annars konar kynninga voru haldnar á skólaárinu t.a.m opnir tímar á öllum brautum, kynningar á leiktúlkunarverkefnum, dansverkum, millibrautaverkum, söngkynningar, dansleikhúsverkefnum, einstaklingsverkefnum og kvikmyndaverkefnum.

3 SAMSTARF

Samstarf milli brauta og deilda var mjög virkt að vanda. Þar má nefna Real time composition námskeið haldið með 4 nemendum og kennara frá tónlistardeild og dansmyndanámskeið haldið í samvinnu við tónsmíðadeild LHÍ. Einnig stóðu allar deildir LHÍ fyrir millideildarnámskeiði í breyttri mynd sem hafði yfirskriftina *karnival*. Þátttakendur voru listamenn og nemendur úr öllum deildum skólans.

Af samstarfi við aðrar stofnanir er helst að nefna örleikritakeppni framhaldsskólanna sem deildin stóð fyrir í samvinnu við fræðsludeild Þjóðleikhússins. Þessi keppni var haldin í fimmta sinn og hefur nú fest sig í sessi. Hún er opin öllum framhaldsskólanemum og eru 3-5 verk flutt af nemendum leikaranáms LHÍ á stóra sviði Þjóðleikhússins og veitt eru verðlaun.

Nokkrir nemendur fræði og framkvæmd unnu í samvinnu við Leikfélag Reykjavíkur *undir hattinum Leikhús unga fólksins*. Nemendurnir leikstýrðu hópum á grunn- og framhaldsskólastigi og var afraksturinn sýndur á litla sviði Borgarleikhússins í febrúar sl.

Dansbrautin sameinaðist við Íslenska dansflokkinn um kennara frá hinu fræga dansleikhúsi Pinu Bausch. Nemendur tóku þátt í verkefni tengdu Reykjavík dancefestival og komu fram í tengslum við Prototype 108. Kennaraskipti áttu sér stað milli brautarinnar og Skolen for modern dans í Kaupmannahöfn. Leiklistardeildin er í samstarfi við Íslenska dansflokkinn vegna norræna verkefnisins *Kedja*. Á síðasta ári hóf dansbrautin einnig samstarf við Sjúkraþjálfunarstofu Reykjavíkur.

Leiklistardeildin er mjög virkur þátttakandi í neti leiklistarskólanna á norðurlöndunum NORTEAS. Dansbrautin er mjög virkur þátttakandi í tveimur öðrum NordPlus netum DAMA(Dance And Media Art) og EMD(Explorations in Music and Dance), þátttaka í þessum netum hefur nýst bæði nemendum og kennurum dansbrautar og tónlistardeildar.

Einn nemandi dansbrautar hélt til skiptináms í Hollandi. Allir nemendur dansbrautar sóttu námskeið á vegum DAMA netsins í Rovaniemi í Finnlandi í júní/júlí. Nemendur brautarinnar sóttu einnig námskeið á vegum EMD netisins í Turku í Finnlandi í október. Auk þessa komu tólf nemendur frá Konunglega tónlistarháskólanum í Stokkhólmi og sóttu námskeið með dansbraut. Tveir gestakennarar frá Skolan for Moderne Dans í Danmörku komu á vegum EMD tengslanetsins og héldu námskeið á dansbraut.

Allir 3.árs nemendur fræði og framkvæmd, níu talsins, fengu inni í skólum víðsvegar um Evrópu á haustmisseri 2007. Brautin var í samskiptum við níu skóla í sex löndum.

4 STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN:

Leiklistardeildin stefnir á að bjóða upp á nám á meistarastigi fyrir leikara. Tilgangur námsins er að dýpka skilning og þekkingu nemandans á starfi leikarans og auka þannig fagmennsku og starfsmöguleika hans. Með fjölbreyttri og markvissri þjálfun fær nemandinn innsýn í hinar margbreytilegu vinnuaðferðir samtímaleikhússins og undirbýr hann fyrir hið fjölskrúðuga atvinnuumhverfi er bíður hans að námi loknu. Námið fer fram í hóp- og einkatímum og styrkir þannig nemandann sem einstakling ásamt því að gefa

honum tæki og þjálfun í að vinna með öðrum, bæði samleikurum og öðrum listamönnum er koma að leikhússvinnu. Markmið námsins er að útskrifa nemendur sem eru upplýstir, hafa fjölbreytta þjálfun og eru færir um að taka sjálfstæðar ákvarðanir, nemendur sem líta á mismunandi aðferðir sem tækifæri til nýsköpunar. Auk þessa geti nemendur tjáð sig um og gert grein fyrir sínum eigin aðferðum og vinnuferlum að námi loknu. Náms tímanum er skipt niður í fjögur ellefu vikna tímabil sem fara fram á einu ári. Námsárið byrjar í júní og endar í lok maí.

Leiklistardeildin hefur ásamt tónlistardeild unnið að tillögum um þverfaglegt meistaranám, Deigluna. Tilgangur Deiglunnar, meistaranáms í listum við Listaháskóla Íslands er að auka fjölbærni og víðsýni nemandans ásamt því að auka starfsmöguleika hans í fjölbreyttu listalífi samtímans hverju sinni. Með fjölbreyttu námi á sérsniðinni námslínu mun nemandinn öðlast gagnrýna sýn á eigin listsköpun og auka hæfni sína til að takast á við verkefni í tengslum við aðrar listgreinar og annað menningarumhverfi.

Markmið Deiglunnar er að stuðlað að nýsköpun á sviði menningar með því að leiða saman einstaklinga með ólíkan bakgrunn í listum. Þungamiðja námsins er tengslamyndun milli nemenda enda er markmiðið að skapa aðstæður þar sem núningur milli nemenda getur af sér frumsköpun.

Markmið námsins er að þjálfa einstaklinga til þess að vera frumkvöðlar á sviði lista og koma auga á nýjar leiðir til að mynda tengsl milli ólíkra sviða innan samfélagsins.

Náminu er skipt niður í fjórar fimmtán vikna lotur. Fyrstu þrjár loturnar hafa þemu sem unnið er út frá og námskeiðum komið fyrir innan tímabilsins sem henta hverju sinni. Fjórða lotan er ætluð fyrir lokaverkefni nemenda sem unnin verða í samvinnu við innlendar eða erlendar listastofnanir. Lokaverkefnið geta verið einstaklings- eða hópverkefni.

Í framtíðinni má einnig sjá fyrir sér að stofnað verði til meistaranáms í kóreograffu við leiklistardeild.